

**Thorsteinsson Bros.**  
Byggja hús. Sella 168ir. Ct.  
vaga lán og eldsbyrgir.  
Room 815-17 Somerset Block  
PHONE MAIN 2902

**Joseph T. Thorson**  
ELEKTRISK LOGFREÐINGUR  
Aritun:  
McFADDEN & THORSON  
706 McArthur Building, Winnipeg.  
Phone Main 2671

**Lærðu að Dansa**  
hú þetta Dan skemmtun Winnipeg hvar  
Prof. og Mrs. E. A. Wirth, á  
**COLISEUM**  
Fullkomið kenni til að fyrir þá og  
Byggja klukkan 8.15 á hverju kvöldi.

**Dr. G. J. Gislason,**  
Physician and Surgeon  
18 South 3rd St., Grand Forks, N. Dak.  
Athugið: Húsið AÚGNA, EYRNA  
og KYRKA SJÚKDOMUM. A-  
SANT INNVORTIS SJÚKDOM-  
UM og ÖPPSKURDI.

**A. S. BARDAL**  
selur líkistur og annast um út-  
farir. Allur útbúnaður sá best.  
Einnfremur selur hann allskonar  
minnisvarða og leigjina.  
813 Sherbrooke Street  
Phone Garry 2122

**Graham, Hansson & McTavish**  
LOGFRÆÐINGAR  
901-902, CONFEDERATION LIFE BLDG.  
WINNIPEG.  
Phone Main 3142

**GARLAND & ANDERSON**  
Arni Anderson E. P. Garland  
LOGFRÆÐINGAR  
801 Electric Railway Chambers.  
PHONE MAIN 1516

**J. J. BILDFELL**  
PASTORASALL  
Union Bank 5th Floor No. 279  
Selur hús og lóðir, og annar þá að lóð-  
aðli. Öfregar þessir ákoma o. s.  
Phone Main 2488

**S. A. SICURDSON & CO.**  
Háttum skifti fyrir lóð og lóð fyrir hús.  
Lán og eldsbyrgir.  
Room: 208 CABLETON BLDG  
Hm Main 4463

**Gísli Goodman**  
TINSMDUR.  
VERGJAFUR:  
Cor. Toronto & Notre Dame.  
Phone Garry 2688 Hm Main 899

**Adams Bros.**  
Plumbing, Gas & Steam Fitting  
Viðgerðun sérstakur  
gaumur gefin.  
588 SHERBROOKE STREET  
cor. Sargent

**RELIANCE CLEANING  
& PRESSING Co.**  
506 Notre Dame Avenue  
Vér hreinsum og pressum klæðnað fyrir  
50 cent  
Einkannaror: Treystið oss  
Klæðnaðir söttir heim og skilað aftur

**DR. R. L. HURST**  
meðlimur konunglega smittakennarabúna.  
stakrafabur af konunglega læknaáðanum  
í London. Sérfræðingur í húð og tauga-  
veikjum og kvensjúkdómum. Skrifstofa 305  
Kennedy Building, Portage Ave. (gæm-  
Eldes) Taldni Main 816. Til viðtals frá  
10-12, 2-5, 7-9.

**Dr. A. Blondal**  
Office Hours: 24-28  
806 VICTOR STREET  
Cor. Notre Dame  
Phone Garry 1186

dögum Dr. Jóns Hjaltnalins var  
striðist ástast, enda þóttu undi  
hans stjórna lækna einna aðganga-  
vegastir gegn sjúkdómum lýðsins  
þeir, sem muna eftir "Heilbrigðis-  
tíðindunum" Dr. Hjaltnalins og  
"Sæmundi fróða", vita, hve  
þjónalega hann ræddi þau mál og  
deðilega, jafn vel lærður maður  
og hann var. Kvað hann all-  
skottulækna hafa lært hjá ein-  
hverjum presti eða öðrum "homö-  
opathiskum svikara". Síra Magn-  
ús Jónsson á Grenjaðarstað, sem  
þá var einn með þegnustu homö-  
pöthum landsins, reis öndverður  
gegn landlækni og varði mál sitt  
af kappi og með rökum. Reit hann  
loks bók nokkra gegn árásum Dr.  
J.H., sem prentuð var, en þó helz  
til lítis útbreiðð. Er þar margt  
heppið svar til móttæðinga hans  
Síðar þýddi síra Magnús lækninga  
bók Dr. Bern. Hirschels í samverkni  
með síra Jóni Austmann, á ís-  
lenzka tungu. Er hún reyndar eina  
bókin á því máli, sem lækninga-  
bók má nefnast, síðan bók Jóns  
Péturssonar fell úr tíðku. Nokkur  
síðar reit síra Jakob á Sauðafelli  
vörn fyrir homöopathíuna, einn af  
landsins gáfufustu prestum á hans  
tíð.

Í öllum þessum deilum fór það  
sem venja er til svo, að nýrri  
stefnan beitti rökum, en hin eldri  
valdinu.

Jafnan var viðkvæðis hjá allo-  
pöthum, smáu skamtarnir í nýrri  
aðferðinni, sem, eins og áður var  
sagt, er ekki aðal grunnreglan. —  
Það hefur eins og farist fyrir hjá  
eldri steinunni að gæta þess, að  
jafnvel hjá sjálfum þeim tíðkast  
smáskamtur, og að homöopathar  
brúka jafnvel sömu lyfin á stund-  
um, nálega í sömu þynningum, t.  
d. Merc. Subl. o. fl. Og aldrei hafa  
homöopathar viðhaft smær-  
skamta, en allopathar brúka nú á  
tímum af sumum "efnum", t. d.  
Radium, X-geisla, o. s. frv., sem  
vitanlega eru ómálanlega smár.

Ymskonar auka-trú á homö-  
pathisk meðul spratt upp til og  
frá á Íslandi meðal lýðsins. Mörg-  
um fanst, að eitthvert voða-efni  
hlyti að vera í þessum lyfjum, þar  
sem svo lítið þurfti af þeim til  
þess að drepa suma voðalegustu  
kvilla, er um fóru. Hjútrúin sagði,  
að þetta væri eiginlega útpyntir  
andar, hélt líklega frá dögum Al-  
addins, og ég veit nokkur dæmi  
þess, að fólk hafði talssverðan  
beyg af glösum t. a. m. frá þor-  
steini á Hlísi, Lárusi Pálssyni, o.  
fl. Vissi ég til þess t. a. m. einu  
sinni eða tvisvar, að fengin höfðu  
verið meðul hjá presti nokkrum  
handa kúm, sem ekki þóttu hafa  
holdlegar hvatir í nógu rökum  
máli. Þorður konur með engu  
móti að snerta glösin, vegna þess  
að sjálfsagt þótti, að þær yrðu  
fyrir sömu áhrifum og þelurnar!

Þegar alt kemur til alls, einnig  
sagt er, þá veit hvorugur lækna-  
lýðurinn alt, sem þórir er á, og  
ættu því ekki að lískast hver geg  
öðrum. Þeir eru svo algengir sjúkd-  
ómarnir, sem enn eru ólækandi  
með lyfjum, að nálega daglega  
verða þeir á vegi hvers þess lækn-  
is, sem mikið hefur að starfa, og  
stundum batna sumir þeirra, án  
þess lækningar geti nokkuð hjál-  
að. Má hér til nefna ýmsa tauga-  
sjúkdöma (t. d. Neurasthenia og  
fleira), geðveiklanir og margt  
fleira. Kemur þetta andvitað á  
því, að menn þekki ekki til rötur  
sambandsleis eða séreðlin sálar og  
líkama. Það er ef til vill ekki lær-  
dómslegt að giska á, að þegar  
rátt er um taugaveiklun yfirleitt,  
þá séu ef til vill taugarnar sjálfar  
oftast "mekanískli" eins sterkar  
og taugar í heilbrigðum manni  
venjulega eru. — Þess vegna, ef  
til vill, ávinst meira með samveik-  
islyfjum til bóta sjúklingum,  
vegna áðurneindrar grunnreglu  
(principis), heldur en með stórum  
skómtum mótvækisreglunnar?

Eitt af því, sem lengi hefur verið  
og líklega verður lengst eldri  
læknaaðferðinni til mikils vana  
og ámalis, er hinn mikli aragrúi  
af leynimeðulum og einkaleyfis-  
lyfjum, sem nálega öll tilheyra  
þeirri reglu, — vegna samsettinga  
þæginganna. Þau geta blátt á-  
fram ekki orðið tilfmanlega mörg  
í homöopathiskum stíl, og eru oft-  
ast upphugsuð af lélegum læknum,  
sem ekkert fá að starfa, og til  
mikils bóls fyrir þá, sem eru nýtir  
og samvirkusamir.

## Ohreindir andar.

Margt hefur mér til eyrna búiast  
um daga mína, margt ótrúlegt hefi  
ég heyrt fólk segja, en aldrei hefi  
ég orðið meir hissa en þegar ég var  
fræddur á því, að í hana Siegu  
Nordland væru komnir djöflar!  
—  
Er hafði kynst henni frá því við  
vorum börn. Við erum fædd og  
uppalin hér í sömu byrgð: gengum  
á skóla saman og lékum okkur  
saman. Atti ég því bágt mál að  
trúa þessu.

En fregnberinn fullvissaði mig  
um að það væri alveg satt—kvaðet  
þora að bóla sér upp á það! Hún  
væri með öllu hætt að hafa sér eins  
og skikkanlegri, heilvita stúlku  
þær. Væri búin að sleppa sér al-  
veg.

Mér fell illa að heyrna þetta um  
Siegu. Ég þekkti hana fyrir að vera  
mjög glaðlynda, einlægt káta og  
spilandi, en hafði aldrei til annars  
vitað, en hún væri göð stúlka.

Það væri því hráplegt að hugsa  
til þess, að í hana skyldu vera  
komnir djöflar.

Á líkindum væri það þó satt.  
Væri ómögulegt að gera neitt  
henni til hjálpar?

Því ekki að fá prestana til þess  
að reka burt þessa djöfla úr henni?  
Þeir væru fulltrúar Krists hér á  
Jörðu—og hann rak út djöfla.

EKKI þórfi ég þó að fara þessa á  
leit við þá sjálfur—þess ætti heldur  
ekki að þurfa. En því var þá ekki  
einhver presturinn búinn að þessu?  
Vafalaust hefði þetta þorist ein-  
hverjum þeirra til eyrna, engu síður  
en mér.

Ef til vill væri það ekki innan  
verkahringis prestanna að reka út  
djöfla, þó Krstur gerði það.

Kannse þeir kynnu það ekki.  
Ég fór að lesa nýjstamentinu.

Jú, Krstur rak svo sem áreiðanlega  
út djöfla. En—hverjig sem ég leit-  
að—fann ég hvergi að hann kendi  
öðrum það með orðum sínum í  
Nýjstamentinu. Hann hafði  
bara sýnt, að hann gat það sjálfur,  
og látið svo þá við sitja.

Prestunum væri því vorkun!  
Og djöflarnir yrðu líklega að sitja  
í henni Siegu, úr því enginn var til  
að reka þá út.

En illa lét mér þetta. Mér datt í  
hug að skrifa foreldrum hennar og  
segja þeim það sanna. Þau myndu  
að líkindum bregða við og sækja  
hana. Hún væri ung ennþá—svo  
stutt síðan djöflarnir fóru í hana,  
að ekki væri öll von út.

Svo gæti þetta alt verið tómur  
uppsuni. Ég var kvektur á  
sögum fólksins.

Ég afreð því að gera mér erindi  
til Mr. og Mrs. Anderson, sem Siega  
var til húsa hjá, og fá að vita það  
rétt í þessu áður en ég gerði nokk-  
uð. Líklega væri hún farin þaðan.  
Ég þekkti Mr. og Mrs. Anderson vel  
og vissi að hún yrði þar ekki lengi,  
ef í hana væru komnir djöflar.

Er ég kom þangað, kom dóttir  
Mrs. Anderson til dyra og leiddi  
mig tafarlaust inn í borðstofu. Þar  
var Mrs. Anderson og annar kven-  
maður. Ég starblindi á kvenmann  
þann eins og tröll á heidríkju.

"Hello, Ragna! Þekkirðu mig  
ekki?"

Ég stóð orðlaus. Gat verið að  
þetta væri hún Siega—þetta silki-  
kledda skartkvendi hún Siega?  
Heldur hefði ég trúð, að barna  
væri komin einhver víðfræg leik-  
maður, eða dóttir einhvers milljóna-  
eigenda og stórhöfðingja! En það  
væri hún Siega, var mér með öllu  
óskiljanlegt.

Hún hristi hönd mína óðslega og  
lét í ljós mikla gleði yfir að sjá mig.  
Visaði mér til setis. Ég settist  
niður—en leit ekki augum af henni.

Aldrei hafði mér til hugar komið  
að hún gæti orðið svona dýrðleg  
ástandum. Áður hafði mér ætíð  
þótt hún lagleg, sérstaklega í vexti  
—en við þessu hafði ég aldrei búist.  
Áður mundi ég eftir henni sem  
meðalkvenmanni á hæð, en all-  
þreklaga vaxinn; brjósta og  
vöðvamikilli, en þó furðu mittis-  
nettri og með rétt hæfilega stórar-  
fætur og höndur. En nú var hún  
öll gerbreytt.

Hún var orðin nettur, spengilegur  
kvenmaður, hvar sem á hana var  
litið og meira—hún var orðin blátt  
áfram falleg, mjög skartlegur og  
glæsilegur kvenmaður í alla staði.  
Áður hafði mér þótt hún helzt  
til teitlagin og andlitið of rjótt. Nú  
ar bót fengin á þessu hvorutveggja.  
Nú hafði hún lagt af til muna og  
andlitið var nálega hvítt,—hvítt af  
hórnudusúfl.

Áður hafði hún ljósa, þetta hár  
hennar oft leikið sér galgopalega  
yfir enninu og stóru, dökkbláu aug-  
um einlægt verið bjarmandi af  
gletni og kæti. Nú var hárði sett  
upp, eftir listarinnar reglum og  
augum orðin eitthvað stillilegri,  
eitthvað opin og starandi. Þó hún  
væri altalí við og við að hlæja, var  
eins og alþros væri strokið burt úr  
augum hennar.

Áður hafði hún verið bara blátt  
áfram laglega til fara? Nú var hún  
ekkert nema silki, og hver vissi hvað  
hún var í ljósbílum sumarkjól,  
auðsáðanlega úr silki.

Treyjan  
öll dregin í fellingar á baki og  
brjósti, samkvæmt listarinnar hug-  
vitsreglum, og náttúrulega flegin að  
ofan til þess hinn þrýstni háls seist  
vel, sem nú var orðinn fannhvitur  
við töfra hörnudusúflsins. Hand-  
leggirnir, sem voru berir upp að  
olmboga, voru einnig hvítir af sömu  
örörkum. Höndurnar voru aðdæm-  
lega mjúklugar og fagrar. Og með  
gullhringi var hún, sumir þeirra  
með stórum, leitrandi steinum í  
á öðrum hverjum fingri.

Þéttgerð gullkeðja líðaðist eins  
langur, lóandi ormur um háls hennar.

ar, lagðist tvöföld niður á brjóstið  
og hlykkjaði sig svo upp í úr, sem  
bökk á vinstri barni hennar.

At henni lagði einkennilegan  
ilm, töfrafurunginn, seifandi ilm,  
sem ekkert á skilt við aðdráttarall  
enslanna á himnum.

Ég fór því að fallast á það með  
sjálfum mér, að fréttin væri sönn—  
að í hana væri komnir djöflar.

"Veistu hvað, Ragna," sagði hún  
hlægjandi, "hún Mrs. Anderson  
þarna hefur verið að predika yfir  
mér í allan morgun. Hún er að  
leggja mér það dæmalausa heilræði  
að ég ætti að ráða mig til einhvers  
einsetu karls hér út á landi og fara  
"að halda hús" fyrir hann um ó-  
ákveðinn tíma. Hvað heldur þú  
um þetta?"

"Et maðurinn er góður, er það  
þetta en margt annað," varð mér að  
orði og strauk höndum gegnum hár  
mitt vandráðalega.

"Það segi ég," gall nú Mrs. Ander-  
son við. "Þetta er það þetta, sem  
Siega getur gert, úr því hún vill ó-  
mögulega fara heim til foreldra  
sína. Ég skal líka ábyrgjast Jón-  
as, því ég þekki hann vel. Hún er  
eins óhult hjá honum og föður sín-  
um eða bróður."

Siega hló hránalega.

"En ertu viss um," sagði hún,  
"að honum yrði óhætt fyrir mér?  
Heiðru nokkuð hugsað út í það?  
Skyldi það annars ekki reiknast þér  
til syndar, Mrs. Anderson, að bregð-  
ast þannig við bréfi Jónasar, að  
senda honum, rosknum og ráðsett-  
um mannum, vinnukonu eins og  
mig sem væri við til að teila hann  
og hafa út úr honum stórfé?"

Mrs. Anderson varð nú ráðþrota,  
og etundi við.

"Nei," hélt Siega áfram, "ég ætla  
ekki að fara til neins karldurks út  
á land. Til þess skemti ég mér of  
vel hér í bænum. Hér nýt ég í  
fylsta máli alls þess góða, sem lífsið  
hefur að bjóða. Hér get ég dansað  
og leikið mér eftir vild minni, og  
það ætla ég líka að gera. Ég ætla  
aldrei að gífta mig eins og sumar  
stúlkur — flestar stúlkur gera. —  
Heimurinn kemst af án mín."

Allra snöggvast brá eins og skugga  
yfir ásjónu hennar. En það svo  
sem leyndi sér ekki að í Siegu voru  
komnir djöflar.

Ég fann mig knúðan til að segja  
eitthvað. Alt valdið þó hvað fyrir  
öðru í huga mínum. Mér fannst mig  
eins og vanta viðsigandi texta.

"Hvað sem þér líður mun þó vera  
ósk föreltra þinna, að þú gíftir þig  
og eignist ánægjulegt og gott heim-  
ili," var það eina, sem ég gat sagt.  
Rétt snöggvast leit hún niður fyrir  
sig, svo til mín, og á ég reiblossa  
bregða fyrir í augum hennar.

"Ég er farin frá foreldrum mínum  
og fer aldrei heim aftur. Þau skilfa  
sér ekkert af mér frekara. Ég er  
horfin úr lífi þeirra með öllu. Ein-  
hverntíma gæti ég þó ef til vill sent  
þeim einhverja hjálpi, engu síður ó-  
gíft en gíft.—En hvað kemur þetta  
ykkur við, mitt líf og mín áform?  
Eins og syndlausir dýrðlingar stjór-  
nið og predikið yfir mér,—kastíð á  
mig steinum!"

Hún var orðin bárelíð, og gerði  
sig líklega til að fara.

"Við erum ekki að kasta á þig  
neinum steinum, Siega" sagði ég og  
bar ört á, "þú mátt ekki taka það  
þannig. Við erum bara að tala við  
þig í mesta bróðerni. Þó við höfum  
kiki sést lengi erum við ekki ókunn,  
þú og ég. Við vorum saman í æsku,  
lékum okkur saman og gengum á  
skóla saman. Þú mátt því ekki  
kippa þér upp við það, þó ég tali  
kunnunglega eða reidast af því."

Hún settist niður aftur.  
"Ég reidist ekki," sagði hún nú,  
"en mér tellur illa að fólk sé að reka  
nefði inn í mínar sakir, eins og því  
komi ég nokkuð við. Ég er frjáls  
manneskja. Þó ég skemti mér og  
hafi 'góðan tíma' eru það mínar  
sakir, en ekki annara."

"Það er alveg satt," svaraði ég.  
"En það sem ég vil sýna þér fram á,  
er, að þessi 'góði tími' snýst oft í  
alt annan 'tíma' er frá líður. Allir  
eru þessum lögum háðir og þú ert  
engin sérstök undantekning. Eftir  
unaðsríka hrauminn, sem heillaði  
svo huga manns, vaknar maður til  
veruleika lífsins, vaknar áður mann  
varir. Þá verður við vör ófullkom-  
legleika okkar að stríða á móti bólli  
mannlífsins í þess ýmsu myndum.  
Þá grætur margur breiskum tárur  
yfir lífinni tíð, og hinum svonefnda  
"góða tíma" sem hann hafði."

Nú var Siega farin að hlæja aftur.  
"Þú hefur átt að vera prestur, Ragna," sagði hún. "Þú gerðir alveg  
ljómandi prest. Það er líka einhver  
munur á því að vera 'sálnahirðir'  
eða húsamirur."

En er hún sá, að mér stökk ekki  
bro, var eins og skygði yfir svip  
hennar að nýju. Við þögðum, öll  
lítil stund.  
"Þetta líf er þá manns eigin eign,"  
tók hún til máls aftur, eins og við  
sjálfa sig. "Maður er frjáls að gera  
við það, sem manni sýnist. Maður  
getur notið alls þess góða, sem  
það hefur að bjóða. Snúist það  
góða í líf—þá byltist áin, þung og  
straumhóð, undir brúnni, sem ég  
hefi svo oft staðið á og hugsað um  
(Framh. á 4. bls.)

## Gaumgæfni

í vélfræðilegum samsetningi

## Rjóma skilvindunnar

sem þú kaupir, sparar þér dýrar viðgerðir og rjóma tap

Skoðað drifhjólín, að þau hafi ferstrendar tennur, séu sterk og endingargóð.



### Varist

auðvörðleg gorm hjól í vél sem hart er  
snúð eins og rjómaskilvindum. Þau eyð-  
ast fljótt og mjólkur kúlan fer að hristast,  
og skilja rjóman eftir í mjólkinni.

### Varist

rjóma-kúlu sem aðeins hefur stuðning á  
öðrum enda, hún verður fljótt óstöðug og  
hettir að skilja mjólk og rjóma.

### Veitid athygli

MAGNET með ferstrendu hjóltennurnar,  
sem er sterk, stöðug og skilur ágætlega og  
endist meira en fimmtíu ár.

### Veitid athygli

Börnin geta unnið MAGNET vélinni. smíðað á henni er algerlega  
gallalaust. Alla parta vélarinnar má þvo á fimm mínútum.  
Sérstök sía (Magnet einkaleið) fylgir hverri Magnet.

### Kaupid

Square gear MAGNET með rjóma-kúluna tvístudda. Hristist ekki  
og áður allan rjómann úr mjólkinni.

## The Petrie Manufacturing Co., Ltd.

Vancouver, Calgary, Regina, Winnipeg, Hamilton, Montreal, St. John

## FARBRÉF

Alex Calder & Son  
General Steamship Agents

Ef þér hafið í hyggja að fara til gamla landsins, þá talið  
við oss eða skrifid til vor.

Vér höfum hinn fullkomnaða útbúnað í Canada.

663 Main Street,  
Winnipeg, Man.  
Phone Main 3260

## A. P. Cederquist

Ladies' & Gentlemen's Tailor

Nú er tíminn að panta vor klæðnaði

Phone Main 4961 201 Builders Exchange  
Portage & Hargrave Winnipeg

Abyrgt að fara vel

Nýtsku klæðnaðir,

## W.H. Graham

Klæðskeri.

Eg samna klæðnaði fyrir marga hina helztu Íslendinga þessa  
borgar. Spyrið þá um mig.

Phone Main 3076 190 James St., Winnipeg.

## W. F. LEE

heildsala og smáala á

## BYGGINGAEFNI

til contractara og byggingamanna. Kosnaðar áætlun gefin  
ef um er beðið, fyrir stór og smá byggingar.

136 Portage Ave. East Wall St. og Ellice Av.

PHONE M 1116 PHONE SHER, 798